


BÓKASAFN VÍ VERÐUR OPHÐ Í PRÓFUNUM



AFGREIÐSLUTÍMI SAFNSINS 4. MAÍ TIL OG MEÐ 14. MAÍ

Mánudaga-föstudaga frá klukkan 10:00-16:00
Lokað um helgar

NEMENDUR BÓKA TÍMA Á SAFNIÐ Í SÍMA 6912079

Til að framfylgja reglum um fjöldamörk samkomubanns og tveggja metra reglunni þurfa nemendur að bóka tíma á bókasafnið. Nemendur geta bókað sig í annaðhvort fyrra hólf (10:00-13:00) eða seinna hólf (13:00-16:00). Nemendur hringja í Klöru bókasafnstjóra í síma 6912079 til að fá úthlutaðan tíma.




TIL AÐ KOMAST INN Í SKÓLABYGGINGUNA



Nemendur fá ekki inngöngu í skólann nema að hafa bókað tíma. Nemendur mæta á tilsettum tíma við aðalinngang skólans (á móti Borgarleikhúsinu), hringja bjöllumni og gefa upp nafn. Nemendum verður þá hleypt inn. Þetta er gert til að hægt sé að telja inn í skólann.

TAKMÖRKUN Á ÚTLÁNUM BÓKA

Takmörkun verður á útlánum bóka þar sem erfitt reynist að sótthreinsa þær eftir notkun (fyrir utan kápuna). Þegar bók er skilað, er kápan sótthreinsuð og látin "jafna" sig í viku.



FJÖLDI NEMENDA Á BÓKASAFNINU

36 nemendur geta verið á bókasafninu hverju sinni og 15 í lesstofunni.

HREINLÆTI

Snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega yfir daginn. Sótthreinsibrúsar eru á víð og dreif. Engar borðtölvur verða í notkun vegna smithættu á lyklaborðum. Aftur á móti geta nemendur fengið að láni fartölvur í afgreiðslu safnsins sem verða sótthreinsaðar eftir notkun.



HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR